



Sveitarfélögin Bláskógarbyggð kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningshreppur kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahreppur kt. 540602-4410 og Hrunamannahreppur kt. 640169-2309 annars vegar, og Hestamannafélagið Jökull (Hmf. Jökull) kt. 650122-3130 hins vegar, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. Um samninginn, tilgangur og hlutverk

Samningi þessum er ætlað að:

- Efla samstarf milli sveitarfélaganna og Hmf. Jökuls.
- Tryggja öflugt íþróttta, tómstunda- og æskulýðsstarf fyrir börn og unglings í sveitarfélögunum.
- Tryggja enn frekar starfsemi Hmf. Jökuls og auka þannig fjölbreytileika þeirra íþróttta- og tómstunda sem í boði eru í sveitarfélögunum.
- Efla starf Hmf. Jökuls fyrir alla aldurshópa í sveitarfélögunum.
- Efla fjölbreytni í starfi til að koma á móts við ólíkar þarfir félagsmanna.
- Auka fagmennsku og þekkingu í starfi Hmf. Jökuls jafnt á íþróttta-, félags og rekstrarlegu sviði.
- Stuðla að forvörnum m.a. með fræðslu til iökenda og starfsmanna um skaðsemi vímuefna, einelti, kynbundið áreiti, kynferðislegt áreiti eða ofbeldi.

2. Samskipti Hmf. Jökuls og sveitarfélaganna

Öll samskipti sveitarfélaganna við Hmf. Jökul fara fram við yfirstjórn félagsins.

3. Faglegar kröfur til Hmf. Jökuls

Hestamannafélagið Jökull skal starfa af fagmennsku að öllum þáttum starfsins og gera sömu kröfur til félagsmanna sinna og iökenda. Hestamannafélagið skal starfa samkvæmt stefnum og markmiðum sveitarfélaganna og leita eftir góðu samstarfi við nefndir og verkefni sveitarfélaganna.

Fyrirmynndarfélag ÍSÍ

Farið er fram á að Hestamannafélagið Jökull vinni eftir gátlista ÍSÍ fyrir fyrirmynndarfélög og er hluti af árlegri greiðslu háður því. Hestamannafélagið Jökull stefnir á að klára umsóknarferlið á samningstímanum sem fyrirmynndarfélag ÍSÍ.

BT
JH
JM
1
H.K.

Forvarnarstefna sveitarfélaganna og forvarnarstarf félagsins

Hmf. Jökull skal taka mið af forvarnarstefnu sveitarfélaganna við gerð sinna áætlana og ganga úr skugga um að stefna félagsins gangi ekki þvert á stefnu sveitarfélaganna.

Farið er fram á að félagið vinni markvisst að forvarnarstarfi og starfi eftir hegðunarviðmiðum ÍSÍ. Kynna skal hegðunarviðmiðin fyrir iökendum, foreldrum, þjálfurum og stjórnarmönnum félagsins og skulu þau vera vel sýnileg á heimasiðu félagsins.

Félagið stendur fyrir fræðslu til þjálfara, stjórnarmanna, iökenda og foreldra um kynbundið/kynferðislegt áreiti og ofbeldi. Verkferlar þurfa að vera til staðar og skýrir um viðbrögð og upplýsingar um hvernig og hvert skuli tilkynna atvik. Skipulag og framkvæmd þessa liðar skal vera til staðar hjá stjórn og framkvæmdastjóra félagsins

Sem hluti af sínu forvarnarstarfi skal Hmf. Jökull móta verklag/viðbragðsáætlun við óvæntum atvikum svo sem slysum á æfingum/viðburðum og við kynferðisbrotum innan starfs þess.

Allir þeir sem starfa við æskulýðsstarf, hvort sem er launamenn eða sjálfboðaliðar, skulu skila inn gildu sakavottorði. Þess skal gætt að leiðbeinendur í ungmennastarfí hafi ekki gerst sekir um brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kalla skal eftir sakavottorði til staðfestingar á því. Óheimilt að fá til starfa einstakling sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Sveitarfélögin í uppsveitum Árnssýslu vinna að því að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Mælst er til að starf Hmf. Jökuls taki mið af markmiðunum í sínu starfi og félagið leggi sitt að mörkum til vinnu sveitarfélaganna við að ná sínum markmiðum.

Pátttaka í uppbyggingu heilsueflandi samfélags

Sveitarfélögin eru öll heilsueflandi samfélög. Hmf. Jökull skal taka þátt í uppbyggingu heilsueflandi sveitarfélaga með því að styðja og skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, góðri heilsu og vellíðan allra íbúa.

4. Aðkoma sveitarfélaganna

Sveitarfélögin styrkja starf Hmf. Jökuls m.a. með því að hafa skýran ramma um kröfur til félagsins.

Fjárhagslegir styrkir

Fyrrnefnd sveitarfélög munu hvert um sig styðja Hmf. Jökull árlega um þessar upphæðir:

2022 – 500.000kr

2023 – 1.000.000kr

BUCA
JF
FM
2
HJK
JB

2024 – 1.000.000kr

2025 – 1.000.000kr

2026 – 1.000.000kr

Fyrirkomulag útborgunar á styrk:

- 80% af styrktarupphæð er borguð 1. febrúar ár hvert en afgangurinn af styrknum er háður ákveðnum skilyrðum.
- 20% af styrkupphæð er háð vinna við gátlista ÍSÍ fyrir fyrirmyndarfélög. Gátlistinn inniheldur 20 atriði og 20% af árlegri styrktargreiðslu er háð því að árlega sé búið að vinna að lágmarki 2 ny atriði á gátlistanum. Útborgun þessa hlutar gerist eftir aðalfund félagsins og skal árskýrslu skilað inn til sveitarstjóra og íþróttá- og tómstundafulltrúa. Það skal eigi gerast síðar en 1. júní ár hvert.

Önnur skilyrði sem fylgja styrknum eru:

- Að 40% af hinum árlega styrk séu eyrnamerk barna- og ungingastarfi hestamannafélagsins og skulu fjármál þessa starfs vera aðgreind í rekstri félagsins.
- Einnig skal hestamannafélagið koma að einum viðburði á ári að ósk hvers sveitarfélags.

5. Almenn ákvæði

a) **Gildistími** - Þjónustusamningur þessi gildir frá undirritun til ársloka 2026.

b) **Greiðslur** – Greiðslur í samningi þessum skulu greiðast samkvæmt ofangreindum skilmálum, sjá 4. lið. Samningsaðilar geta í sérstökum samningi/þjónustusamningi samið um önnur einstök verkefni á vegum sveitarfélaganna.

c) **Ágreiningur** - Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum eða fylgiskjöldum hans skulu aðilar leitast við að ná sátt. Náist ekki sættir getur hvor aðili um sig skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms, sem þannig sé skipaður: Hvor aðili um sig tilnefnir einn mann í dóminn, en Sýslumaðurinn á Suðurlandi tilnefnir oddamann. Úrskurður gerðardóms er endanlegur.

d) **Endurskoðun** – Hvorum aðila um sig er heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins í heild eða á einstökum liðum ef upp koma hugmyndir um nýjungar, ný verkefni eða ef forsendur breytast verulega. Beiðni um endurskoðun skal gerð með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Kröfu um endurskoðun verður að koma á framfæri við sveitarfélögum áður en árleg vinna við fjárhagsáætlun hefst og eigi síðar en 1. september. Við sérstakar aðstæður er hægt að endurskoða þennan samning án fyrirvara að gefnu samþykki beggja aðila.

Komi fram beiðnir um endurskoðun einstakra liða gildir samningurinn óbreyttur þar til ný samningsákvæði hafa verið samþykkt af báðum aðilum.

HJ BVG
HJ H.K.
3

e) Riftun – Verði annar hvor aðili samnings þessa uppvís að því að brjóta gróflega eða ítrekað ákvæði samningsins, eða um er að ræða stórfelldar vanefndir á samningum eða forsendur samningsins breytast verulega getur hinn aðilinn krafist tafarlausrar riftunar. Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og fellur samningurinn úr gildi mánuði eftir að slík krafa hefur borist riftunarþola. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allar skyldur og réttindi aðila. Samningsaðild sveitarfélaganna er ekki háð því að þau séu öll aðilar að samningnum, óski eitt sveitarfélag t.a.m. eftir því að hætta samstarfinu geta hin eftir sem áður haldið því áfram.


f) Eftirlit - Eftirlit með samningi þessum af hálfu hvers sveitarfélags fyrir sig er í höndum sveitarstjóra viðkomandi sveitarfélags. Ársskýrslu félagsins skal skilað inn eigi síðar en 1. júní ár hvert. Skili félagið ekki skyrslum á tilteknunum tíma stöðvast greiðslur til þess þar til þær hafa verið lagðar fram fyrir sveitarstjórnir sveitarfélaganna.

Samningur þessi er gerður í fimm samhljóða eintökum og heldur hver samningsaðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan.


Flúðum, 29. desember 2022


F.h. Bláskógbabyggðar


F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps


F. h. Hmf. Jökuls


F.h. Hrunamannahrepps


F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps